

uppfylla framfærsluskyldu hans. Þessar 20 kr. verður því Fellshreppur að endurgjalda 85 sem nauðsynlegt fjárframlag af dvalarhreppnum, en aptur átti hann og á enn aðgang 16. sept. að Einari til að lögsækja hann til endurborgunar á þessum 20 kr., sem hann í raun og veru átti enga kröfu til gagnvart framfærsluhreppnum. Hvað meðlagið til Gísla á Búrfelli snertir, og til oddvitans, samtals 36 kr., verður heldur eigi fundin nein ástæða til að Fellshreppur geti komið hjá að endurgjalda þær, sem nauðsynlegt framlag fyrir hans hönd af Ytri-Torfastaðahreppi, og það gildir bæði um þessar 2 kröfur og um fyrrnefndar 20 kr., að mótbára Fellshrepps gegn þeim, vegna þess að tilkynning um hinn veitta sveitarstyrk hafi fyrir ranga utanáskript komið of seint til hans, verður að álitast ástæðulaus, þar sem töfin fyrir tilkynningunni, sem af þessu leiddi, engan kostnaðarauka getur álitist hafa bakað Fellshreppi.

Samkvæmt þessu staðfestist fyrnefndur úrskurður yðar, herra amtmaður, og vil jeg skora á yður að leggja fyrir hreppsnefndina í Fellshreppi að endurgjalda Ytri-Torfastaðahreppi tafarlaust þær 56 kr., sem honum eptir þessu ber að greiða hinum sídarnefnda hreppi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 86
rjett lækna skólakandidata til að fást við lækningar í Danmörku, á Færeyjum og í Grænlandi. — Í tilefni af erindi nokkru er hjeradslæknir í 5 læknishjeradi Íslands David Scheving 17. sept. Thorsteinsson hafði sent dómsmálastjórninni dönsku og þarsem hann spyrst fyrir um það, hvort hann eptir hinum gildandi lögum hafi jus practicandi í Danmörku að meðtöldum Færeyjum og Grænlandi og ef svo væri eigi, beiðist leyfis til að mega fást við lækningar á nefndum stöðum, hefur dómsmálastjórnin mælt til þess af ráðgjafanum fyrir Ísland, að hjeradslækni þessum yrði gefið til vitundar, að eptir hinum gildandi lögum hefur hann eigi jus practicandi í Danmörku fyrir próf það, er hann hefur tekið við lækna skólann í Reykjavík, og að hið umbeðna leyfi til þess að mega eigi að síður fást við lækningar í Danmörku geti eigi orðið veitt honum fyrir áminnst próf hans í læknisfræði.

Þetta vil jeg, herra amtmaður, samkvæmt boði ráðgjafans hjermeð þjónustusamlega skora á yður að tilkynna hjeradslækni D. S. Thorsteinssyni.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 87
sveitfesti þurfa lings. — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 6. 17. sept. f. m. meðtekið umsögn hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshrepp um erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi 23. okt. f. á., þarsem áfrýjað er úrskurði yðar, 7. apríl f. á., viðvíkjandi endurgjaldi á meðlagsstyrk með Guðríði Gísladóttur, ásamt með eldri skjölum málsins, skal jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn ástæðu til, að breyta nefndum úrskurði yðar að neinu leyti, og ber því Seltjarnarnesshreppi tafarlaust að endurgjalda Vatnsleysustrandarhreppi þær 55 kr., sem um getur í úrskurðinum'.

1) Úrskurður amtmannsins um þetta efni, sem tilkynntur er sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. apríl f. á., er svohljóðandi:

Í erindi dagsettu 28. febrúar þ. á. hefur hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi skotið til amtsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 17. sept. f. á., en með þeim úrskurði er Seltjarnarnesshreppur